

KIRKJUGARÐARÁÐ

88. fundur haldinn 9. maí 2011 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir formaður, Valtýr Valtýsson, Þórsteinn Ragnarsson, Guðmundur Rafn Sigurðsson, Smári Sigurðsson og Kristín Huld Sigurðardóttir sem skrifaði fundargerð.

Gestir: Björg Sigurðardóttir endurskoðandi frá Deloitte og Sigríður Dögg.

1. Setning fundar

Fundur settur kl. 13:10.

2. Framlag ríkisins til kirkjugarða - Ársreikningur 2010

Kynning: Björg Sigurðardóttir endurskoðandi Deloitte. Reikningurinn var lagður fram og samþykktur. Í árslok var eigið fé neikvætt um kr. 6.785.507. Staðan á greftrunarkostnaði verður endurmetin um mitt ár.

3. Frumvarp til laga um menningarminjar

Framkvæmdastjóra er falið að taka saman drög að svari til nefndasviðs Alþingis í samráði við Kristínu Huld.

4. Greiðsluáætlun Kirkjugarðasjóðs fyrir árið

Sigríður Dögg kynnti. Rekstrar- og greiðsluáætlun samþykkt.

5. Þjónustusamningur Kirkjugarðasambandsins og Kirkjugarðaráðs

Guðmundur Rafn kynnti. Samningurinn samþykktur. Formaður Kirkjugarðaráðs, Ragnhildur Benediktsdóttir, og formaður Kirkjugarðasambandsins, Þórsteinn Ragnarsson, undirrituðu.

6. Aðalfundur KGSÍ á Húsavík

Þórsteinn Ragnarsson sagði frá.

7. Næsti fundur

Skoðunarferð Kirkjugarðaráðs um Norðurland 18. og 19. ágúst.

8. Önnur mál

Samantekt á verkefnastöðu á ágústfundi.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 14:50.

Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari